



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Kaflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

28. fundur var haldinn á skrifstofu skólans mánudaginn
14. ágúst 1978 kl. 8.30.

Mattir voru undirritaðir.

1. Ákvörðun um starfræslu hársnyrtibrautar:

Skólameistari lýsti þeirri skoðun sinni og
aðstoðarskólameistara að starfrækja bæri fyrsta
áfangi hársnyrtibrautar með sama fyrirkomulagi og
á síðasta skólaári. Samþykkir skólanefnd einróma
þá ákvörðun.

2. Yfirlit um framkvæmd skólabyggingar.

Axel Nikolásson gerði grein fyrir byggingu skólans.
Mælti hann mjög með að frágangi skólans að utan yrði
lokið þ.e.a.s. utanhússpússningu verði lokið áður en
verkpallar verði teknir niður.

Telur hann það vera um eina milljón krónu sparnað
að ljúka þessu verki.

Skólanefndarmenn fóru um bygginguna undir leiðsögn
Axels. Byggingarhraði hefur verið með ágætum og
áætlanir þar um standast með öllu.

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu fjármála
byggingarinnar og taldi að unnt væri að ljúka framkvæmdum
samkv. áætlun, ef tækist að selja samþykktá víxla
sveitarfélaganna, annars ekki.

3. Rekstrarfjármál skólans.

Formaður skólanefndar og skólameistari fóru á fund
Indriða Þorlákssonar og Örlygs Geirssonar í mennta-
málaráðuneytinu í sambandi við rekstur skólans s.l.
2 ár.

Nokkrar athugasemdir komu fram um kostnaðarskiptingu
milli sveitarfélaga og ríkisins. Óskuðu formaður og
skólameistari eftir skriflegum athugasemdum, þannig

að ljóst lægi fyrir í hverju athugasemdirnar lægju.

4. Yfirlit um kennararáðningar og kennsluskiptingu:
Samkvæmt umræðum á síðasta fundi skólanefndar verða eftirtaldir kennarar endursettir:

Anna Patricia Aylett	(enska)
Baldur Kristjánsson	(sálfræði)
Bragi Halldórsson	(íslenska)
Gerard Chinotti	(franska) 2/3 stöðu
Gunnar Bergmann	(íslenska)
Gunnar Þórarinnsson	(sérgreinar á viðsk.sviði)
Héðinn Skarphéðinnsson	(sérgreinar á tréðnabraut)
Lilja Finnbogadóttir	(þýska)
Magnús Heimir Gíslason	(grunnteikning)
Magnús Ó. Ingvarsson	(stærðfræði)
Sigríður Bílddal Ruesch	(vélrítun, bókfærsla)

og settir verði til eins árs eftirtaldir kennarar er voru stundakennarar á síðasta ári:

Jón Valdimarsson	(sérgreinar á málmiðnabr.)
Sturlaugur Björnsson	(grunnteikning)
Sturlaugur Ólafsson	(sérgreinar á tréðnabraut)

Þrír kennarar sem mælt var með skv. síðustu fundargerð koma ekki til starfs næsta vetur og eru það Erla Elín Hansdóttir, Erlingur Jónsson og Ólafur H. Kjartansson. Samþykkt var að ráða Örn Sævar Þorleifsson í stærðfræði og félagsfræðikennslu.

Eftirtaldir hafa verið ráðnir sem stundakennarar:

Borgþór Arngrímsson	(leiklist)
Gísli Sigurkarlsson	(danska og stærðfræði)
Séra Ólafur Oddur Jónsson	(siðfræði)
Sveinbjörg Haraldsdóttir	(hársnyrting)
Vilborg Björnsdóttir	(vörufræði)
Þór Rögnvaldsson	(listir og uppeldisfr.)

Skólanefnd samþykkir að ráða Sigmund Böðvarsson í eina önn að tillögu skólameistara.

5. Á skólanefnarsfundi 14. ágúst s.l. voru samþykktar eftirfarandi tillögur sem láðist að færa í fundargerð:
I. Skipaðir verði eftirtaldir kennarar sem luku prófi

í uppeldis- og kennslufræðum í júlímánuði síðastliðnum:
Gizur Í. Helgason og Sigríður Bílddal.

II. Gunnar Þórarinnsson verði endurráðinn tækjavörður með sama kennslustundaafslatti og verið hefur.

III. Baldur Kristjánsson verði ráðinn félagsmálastjóri og námsráðgjafi í stað Helga Jóhannssonar sem latur af störfum við skólann að eigin ósk. Kennsluafsláttur fyrir þessi störf verði hinn sami og verið hefur.

VI. Bragi Halldórsson verði ráðinn áfangastjóri við skólann. Kennsluafsláttur fyrir þau störf verði 9 kennslustundir á viku og þá miðað við störf allt árið.

VII. Deildarstjórn verði hagað með líkum hætti og var á síðastliðnu skólaári þ.e. 3 tímar á viku.

Deildastjórnar verði 11 og verkaskipting sem hér greinir:

Axel Nikolaison (grunnteikning og aðrar sérgreinar á iðnbrautum).

Bragi Halldórsson (íslenska, saga)

Gizur Í. Helgason (danska)

Gunnar Þórarinnsson (sérgreinar á viðskiptabraut)

Ingólfur Halldórsson (sérgreinar á verkbrautum)

Jón Böðvarsson (félagsfræði, sálfræði, listir og skyldar greinar)

Maja Loebell (þýska, franska)

Ottó Tynes (sérgreinar á flugliðanámsbraut)

Sigrún Þorsteinsdóttir (enska)

Þorsteinn Gunnarsson (stærðfræði)

Ægir Sigurðsson (raungreinar og sérgreinar á vélstjórabraut)

VIII. Umsjón með sérstofum og leiguhúsnæði verði sem hér segir:

Umsjón með vélstjórstofu: Óskar Jónsson (3 st)

Umsjón með málsmiðastofu: Sigurður Erlendsson (3 st)

Umsjón með eðlis- og efnafræðistofu: Ægir Sigurðsson (3 st)

Umsjón með trésmiðastofu: Héðinn Skarphéðinsson og Sturlaugur Ólafsson (11/2 st. hvor)

IX. Magnús Ó. Ingvarsson verði ráðinn umsjónarmaður Öldungadeildar og hafi fyrir kennsluafslátt sem nemur 3 st. á viku.

Í framhaldi af þókun fundar dags. 26. júní 1978 þar sem Einar Gunnarsson hefur boðið F.S. lónaðarhúsnæði sitt til kaups upplýsir formaður skólanefndar að hann og skólameistari hafi skoðað húsið og rætt um kaup á því við Indriða Þorláksson. Taldi hann æskilegt að fyrir lægi beiðni frá skólanefnd um fjárveitingu til kaupa á húsinu. Málið var rætt og æskilegt talið að senda beiðni til fjárveitinganefndar um fjárveitingu á fjárlögum 1979 til kaupa á húsinu.

Skólasetning:

Ákveðið er að skólasetning fari fram laugardaginn 9. sept. n.k. kl. 2.00 í Félagsbúði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Fundarritari, Jón Hólmgeirsson

Mættir voru: Gunnar Sveinsson, Jón Böðvarsson, skólameistari, Ómar Bjarnþórsson, Eggert Ólafsson, Bergmann Þorleifsson og Jón Hólmgeirsson.